

Minnisblað. Menningarmál

Viðtakandi: Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Sendandi: Samstarfshópur um menningarmál.

Framtíðarsýn í sameinuðu sveitarfélagi

Hlutverk menningar í samfélaginu – til hvers er hún og í hverju felst mikilvægi hennar

- Sameiningarafl í litlum samfélögum og mikilvæg driffjöður í uppbyggingu.
- Gróskumikið menningarstarf er til vitnis um lifandi og virkt samfélag.
- Kraftmikið menningarstarf styrkir samfélagið og eflir sjálfstraust þess sem gestgjafa.
- Það styrkir sjálfsmýnd íbúanna þar sem menningarstarf er áhugavert.
- Styrkir ímynd íbúanna og samfélagsins útá við.
- Samofið svo mörgu öðru í samfélaginu.
- Hefur áhrif á ásjónu samfélaganna.
- Sterk tengsl og stuðningur við atvinnulífið með beinum og óbeinum hætti. Gerir störf fjölbreyttari, störf í í litlum samfélögum of einhæf. Þjálfun í skapandi hugsun, í listum fæðast oft nýjar hugmyndir og leiðir. Ferðaþjónusta sækir mikið í menningarstarfið og nýtur þess.
- Eyðir fordómum, víkkar sjónarhornin, byggist oftast á samstarfi ólíkra einstaklinga. Veitir ólíkum hópum tækifæri til að njóta saman og eflir mannrækt. Tengir saman íbúa af erlendum uppruna og innfædda.

Framtíðarsýn menningarmála – Í nýju sveitarfélagi verði lögð áhersla á:

- Mótuð verði menningarstefna fyrir nýtt sveitarfélag.
- Hlúð verði að þeim fjölbreytileika menningar- og listastarfs sem nú þegar er í sveitarfélögunum.
- Staðið verði vörð um sjálfsprottna menningu sem orðið hefur til í samfélögunum s.s. leikfélög, Bræðsluna, LungA, Rúllandi snjóbolti. Með því að þau haldi sjálfstæði sínu og sveitarfélagið veiti þá aðstoð og stuðning.
- Skoðað verði að nýtt sveitarfélag taki upp hugmyndafræði Cittaslow.
- Lögð verði áhersla á sérkenni samfélaganna fjögurra í nýju sveitarfélagi t.d. með hliðsjón af aldamótahúsum og líflegu menningarstarfi á Seyðisfirði, Cittaslow á Djúpavogi (miðstöð Cittaslow er á Djúpavogi), vinalegt skemmtilegt þorp á Borgarfíði, þjónustu- og miðbæjarhlutverk Egilsstaða. Djúpavogur, Egilsstaðir og Seyðisfjörður eru gáttir inn í sveitarfélagið og því þarf sérstaklega að huga að því hlutverki þeirra bæja.
- Hlutverk Fjarðaborgar sem menningar- og félagsheimili í samfélaginu.
- Hlutverk Löngubúðar sem menningarhúss á Djúpavogi.
- Herðubreið. Mikilvægt sem félagsheimili íbúanna. Þarf að tryggja viðhald.
- Hlutverk Skaftfell sem miðstöðvar myndlistar.
- Hlutverk Menningarmiðstöðvar á Egilsstöðum sem sviðslistamiðstöðvar.
- Standa vörð um söfnin í nýju sveitarfélagi, s.s. Minjasafnið og Tækniminjasafnið, Héraðsskjalasafnið og hlutverk þeirra eftl.
- Myndaður verði menningarsjóður sem úthluti menningarstyrkjum til verkefna í nýju sveitarfélagi.

- Gerð sameiginlegrar viðburðadagskrár og samnýtingu listamanna og viðburða.
- Mótaður verði sameiginlegur vettvangur fyrir fagaðila og þá sem sinna þessum málaflokki.
- Mótaður verði viðburður eða viðburðir / hátíðir sem dragi íbúana saman og stuðli að samkennd þeirra.
- Að auka fjármuni til menningarstarfs í nýju sveitarfélagi þar sem málaflokkur hefur mikið um það að segja hvernig íbúar upplifa sig í nýju sveitarfélagi.

Hvernig ætti stjórnsýsla nýs sveitarfélags að vera í málaflokknum

- Mikilvægt að tryggja að nefnd um þennan málaflokk sinni menningu fyrst og fremst. Mikilvægt vegna þess að málaflokkur menningar er stór. Margar stofnanir heyra undir hann og verkefni mjög mörg. Málaflokkurinn er mikilvægur fyrir ásjónu og samheldni sveitarfélagsins. Hætta á að málaflokkurinn tynist í mjög stórri nefnd.
- Sérstakur menningarfulltrúi / sviðsstjóri beri ábyrgð á málaflokknum fyrir nýtt sveitarfélag. Aðrir starfsmenn stjórnsýslunnar á sviði menningarmála sinna sérhæfðari verkefnum á sviði menningarmála í ákveðnum hlutföllum með öðrum störfum í stjórnsýslunni t.d. 20-50% í öllum núverandi sveitarfélögum. Starfsmenn þurfa að geta sinnt staðbundnum verkefnum um leið og þeir vinna fyrir sveitarfélagið í heild.
- Heimastjórnir –
 - Fullnaðarafgreiðsla – Hlutverk heimastjórna væri að úthluta menningarstyrkjum á sínu svæði.
 - Tillögur – Heimastjórn geti forgangsraðað fjármagni til verkefna t.d. við gerð fjárhagsáætlunar
 - Umsagnir – Þegar fjallað er um viðhald húsnæðis á sviði menningarmála, uppbyggingu stofnana eða stórra verkefna þá verði leitað umsagnar heimastjórna.

Hvað þarf að varast

- Mikilvæg er að andrými fái til nýju sveitarfélagi til að leyfa málum að þróast á hverjum stað fyrir sig.
- Mikilvægt að miðstýring kæfi ekki frumkvæði í núverandi sveitarfélögunum. Finna þarf leiðir til að styðja við og stuðla að sjálfsprottnu starfi hvar sem er.
- Að jákvæð sérkenni og andrúmsloft staðanna glattist ekki.
- Að fjármagn til málaflokksins minnki ekki þrátt fyrir sameiningu.

Í hópnum sátu:

Fulltrúar Borgarfjarðar eystri: Alda Marín Kristinsdóttir og Óttar Már Kárasón. Fulltrúar Djúpavogshrepps: Greta Mjöll Samúelsdóttir og Þorbjörg Sandholt. Fulltrúi Fjótaldshéraðs: Óðinn Gunnar Óðinsson og fulltrúar Seyðisfjarðar: Dagný Erla Ómarsdóttir og Tinna Guðmundsdóttir. Hópurinn hittist á þremur snertifundum og einum Skype fundi. Markmið hópsins er að vera samstarfsnefnd til ráðgjafar og veita upplýsingar inn í mat á stöðu málaflokksins og mögulega sýn til framtíðar í sameiginlegu sveitarfélagi.

Vinnuferlið hópsins

Hvert sveitarfélag útbjó vinnuskjal um núverandi stöðu menningar í hverju sveitarfélagi. Listaði upp hús og viðburði sem eru á vegum sveitarfélagana. Einnig greindi hópurinn viðburði sem aðrir aðilar í sveitarfélögunum sjá um og þjóna mikilvægu hlutverki í menningarlífi hvers sveitarfélags. Hópurinn vann minnisblað sem sem lýsir niðurstöðum hópsins um mögulega framtíðarsýn í nýju sveitarfélagi.